

## REGLUGERÐ

### um fjárhæðir bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2011.

#### 1. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og greiðslur samkvæmt 63. gr. sömu laga, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2011:

<i>Lífeyristryggingar</i>	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>	
Ellilífeyrir skv. 1. mgr. 17. gr.	29.294	351.528	
Örorkulífeyrir skv. 4. mgr. 18. gr.	29.294	351.528	
Örorkustyrkur skv. 1. mgr. 19. gr.	21.657	259.884	
Örorkustyrkur skv. 2. mgr. 19. gr.	29.294	351.528	
Barnalífeyrir skv. 6. mgr. 20. gr.	21.657	259.884	
Aldurstengd örorkuuppbót (100%) skv. 2. mgr. 21. gr.	29.294	351.528	
Tekjutrygging ellilífeyrisþega skv. 2. mgr. 22. gr.	92.441	1.109.292	
Tekjutrygging örorku-, slysa- eða endurhæfingarlífeyrisþega skv. 3. mgr. 22. gr.	93.809	1.125.708	
<i>Annað</i>	<i>kr. á dag</i>	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Vasapeningar skv. 8. mgr. 48. gr.		41.895	502.740
Dagpeningar utan stofnunar skv. 9. mgr. 48. gr.	2.280		
Fyrirframgreiðsla meðlags skv. 1. mgr. 63. gr.		21.657	259.884

#### 2. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt lögum nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2011:

	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Mæðra- og feðralaun með tveimur börnum skv. 2. mgr. 2. gr.	6.269	75.228
Mæðra- og feðralaun með þremur börnum eða fleiri skv. 2. mgr. 2. gr.	16.300	195.600
Barnalífeyrir skv. 1. mgr. 3. gr.	21.657	259.884
Umönnunargreiðslur (100%) skv. 1. mgr. 4. gr.	117.176	1.406.112
Makabætur og umönnunarbætur (80%) skv. 5. gr.	98.482	1.181.784
Dánarbætur skv. 1. mgr. 6. gr.	32.257	
Dánarbætur skv. 2. mgr. 6. gr.	24.165	289.980
Endurhæfingarlífeyrir skv. 1. mgr. 7. gr.	29.294	351.528
Heimilisuppbót skv. 8. gr.	27.242	326.904

#### 3. gr.

Fjárhæð bóta samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 170/2009 um styrki og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða skal vera sem hér segir fyrir árið 2011:

	<i>kr. á mánuði</i>	<i>kr. á ári</i>
Uppbót vegna reksturs bifreiðar skv. 1. mgr. 2. gr.	10.828	129.936

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 100/2007 um almanna-tryggingar, með síðari breytingum, og 14. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2011.

*Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. desember 2010.*

**Guðbjartur Hannesson.**

Ágúst Þór Sigurðsson.

—————  
B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2010